

67. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 24. maí 2022, kl. 12:00 í húsnæði Menntaskólans á Tröllaskaga.

Mættir: Edward Huijbens formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Katrín Freysdóttir, Sara Sigurbjörnsdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Ásgeir Logi Ásgeirsson og Rósa Jónsdóttir mættu ekki og enginn varafulltrúi boðaður í þeirra stað.

Fundurinn hófst á sameiginlegum hádegisverði í skólanum.

Dagskrá

1. Niðurstaða náms á vorönn

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir að endanlegar niðurstöður vorannar lægju ekki fyrir en þar sem önninni lauk síðasta laugardag og ekki hefur unnist tími til að vinna úr niðurstöðum. Þann dag voru útskrifaðir 37 nemendur frá skólanum og hafa þá 464 verið útskrifaðir frá upphafi. Ellefu útskrifuðust af félags- og hugvísindabraut, átta af kjörnámsbraut, tveir af listabraut-ljósmyndunarsviði, fjórir af listabraut-myndlistarsviði, þrír af listabraut-tónlistarsviði en þeir útskrifuðust einnig af náttúruvísindabraut, fjórir til viðbótar útskrifuðust af þeirri braut, einn af íþróttá- og útivistarbraut - íþróttasviði og fjórir af stúdentsbraut að loknu starfsnámi. Árangur útskriftarnema var mjög góður, aldrei hafa útskrifast jafn margir í einum með ágætiseinkunn á stúdentsprófi en þeir voru 4.

2. Innritun

Aðstoðarskólameistari upplýsti að nú hefðu verið innritaðir 144 nýir nemendur á næstu haustönn og 43 umsóknir bíða úrvinnslu.

3. Gjaldskrár

Skólameistari lagði til að gjaldskrá skólans yrði óbreytt og var það samþykkt.

4. Mannaráðningar

Skólameistari gerði grein fyrir mannráðningum. Auglýst var eftir kennara í raungreinar og þrjár umsóknir bárust. Búið er að ráða í stöðuna. Starfandi náms- og starfsráðgjafi hefur fengið inni í námi í náms- og starfsráðgjöf við HÍ og mun sinna starfinu áfram.

5. Ársreikningur 2021

Skólameistari lagði fram ársreikning skólans fyrir 2021. Niðurstaðan var ákveðinn halli eins og gert var ráð fyrir.

6. Önnur mál

6.1 Ársskýrsla 2021

Lögð fram ársskýrsla skólans fyrir árið 2021. Hana má finna á heimasíðu skólans.

6.2 Lok skipunartíma skólanefndar

Nú er síðasti fundur sitjandi skólanefndar. Formaður tók til máls og ræddi um að skipunartími nefndarinnar rennur út 11. júní og ekki er vitað hvað tekur við.

Skólanefndarmenn hafa hug á að ýta við ráðuneyti vegna skipunar nýrrar skólanefndar. Fráfarandi skólanefnd eru þökkuð góð störf á tímabilinu.

Skólanefndarfulltrúar þakka gott samstarf á tímabilinu og viðgjörning á þessum fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:15.